



Lögmynt: ASK arkitektar

## Sjúkratryggingar Íslands Vínlandsleið 6-8 og 14-16

Leiguhúsnæði Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) við Vínlandsleið er skipulagt samkvæmt hugmyndafræði um verkefnaíðað vinnuumhverfi. Í því felst að allir starfsmenn stofnunarinnar eru í teymisrýmum, það er hafa ekki fasta starfsstöð og skilja hverju sinni við hana eins og þeir komu að henni. Markmiðið með þessu skipulagi er meðal annars að tryggja starfsmönnum sveigjanlega vinnuaðstöðu í samræmi við ólík verkefni og breytilegar áherslur frá einum tíma til annars. Skipulagið skapar möguleika á betri nýtingu húsnæðis, auðveldar breyttar áherslur í rekstri og veitir svigrúm fyrir fjölgun starfsmanna sem fyrirsjáanleg er í nánustu framtíð. SÍ er fyrsta ríkisstofnunin hér á landi til að tileinka sér þetta skipulag sem hefur verið að ryðja sér til rúms í Evrópu og Norður-Ameríku.

Framkvæmdum við húsnæðið við Vínlandsleið lauk í febrúar 2018 en gert er ráð fyrir að flutningi stofnunarinnar ljúki í mars 2018 þegar lokið hefur verið við uppsetningu nýs húsbúnaðar. Þá mun öll starfsemi SÍ vera til húsa að Vínlandsleið 6-8 og 14-16. Stofnunin var áður í alls um 6.100 m<sup>2</sup> húsnæði en verður eftir flutninginn í alls um 5.100 m<sup>2</sup>. Sparnaður í húsnæði er því um 1.000 m<sup>2</sup>.

<b>Verkkaupi:</b>	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
<b>Ráðuneyti:</b>	Velferðarráðuneyti
<b>Notandi:</b>	Sjúkratryggingar Íslands

<b>Umsjón, þarfagreining, húslýsing/skilalýsing og ráðgjöf:</b>	Bergljót S. Einarsdóttir og Róbert Jónsson, verkefnastjórar FSR
---	---

<b>Leigusamningur / hönnunarferli ráðgjöf, umsjón og eftirlit:</b>	Róbert Jónsson, verkefnastjóri FSR
--	------------------------------------

<b>Leigusali:</b>	Vínlandsleið ehf.
-------------------	-------------------

<b>Tengiliður leigusala:</b>	Bergþór Jónsson
------------------------------	-----------------

<b>Tengiliðir Sjúkratrygginga Íslands:</b>	Steingrímur Ari Arason, forstjóri, Ragnar Gunnarsson, Benedikt Benediktsson, Freyr Halldórsson
--	--

<b>Tengiliður fjármála- og efnahagsráðuneytis:</b>	Hrafn Hlynsson
--	----------------

<b>Hljóðhönnun:</b>	Gígja Gunnlaugsdóttir, verkfræðingur á hljóðvistarviði EFLU hf., og Steindór Guðmundsson, hljóðverkfræðingur hjá Verkís hf.
---------------------	---

<b>Hönnun á vegum leigusala:</b>	ASK arkitektar ehf.
----------------------------------	---------------------

<b>Stærð húss:</b>	5.081,5 m <sup>2</sup>
--------------------	------------------------

<b>Leigusamningur:</b>	Tímabundinn til rúmlega 17 ára og óuppsegjanlegur nema aðilar verði sammála um annað. Hann gildir til 30. apríl 2035. Samningurinn var undirritaður 27. júní 2017.
------------------------	--

Sjúkratryggingar Íslands er fyrsta ríkisstofnunin á Íslandi til að tileinka sér verkefnaíðað vinnuumhverfi. Í því felst að allir starfsmenn eru í teymisrýmum („free-seating“ vinnuumhverfi).

**Leiguverð:** Leigugjald er 2.220 kr. á hvern fermetra, þ.m.t. VSK á hluta af húsnæðinu. Húsaleigan miðast við grunnvísitölu neysluverðs til verðtryggingar fyrir febrúar 2017 eða 439 stig.

**Afhending húsnæðis:** Febrúar 2018

Sjúkratryggingar Íslands annast meðal annars framkvæmd sjúkratrygginga, semja um heilbrigðisþjónustu, annast kaup á vöru og þjónustu sem stofnuninni ber að veita, greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum og samningum, hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum og sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.